

IV. Tillaga til 398. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. maí 2017.

Tillaga 476. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, 26. apríl sl., um að tillaga að aðalskipulagsbreytingu við Mjólka verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga 123/2010 og tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Mjólka verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

8. 2016080019 - Ósk um deiliskipulagsbreytingu og hugsanlega Aðalskipulagsbreytingu við afrennslissvæði Mjólkárviðkjana

Eftirfarandi erindi var áður tekið fyrir á fundi nr. 475. þann 14.04.2017

Lögð er fram eftirfarandi breytingartillaga: Verkís f.h. Orkubús Vestfjarða óskar eftir því að gerðar verði óverulegar breytingar á tillögu að deiliskipulagi sem fjallað var um á fundi 475.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagsmörkum uppdráttar nr. I og II dags. 31.03.2017 við reit A. Nýir uppdrættir nr. I,II,III, og IV dags. 21.04. 2017 lagðir fram í stað uppdráttar dags. 31.03.2017

Ástæður breytinga eru vegna ábendinga Orkubús Vestfjarða til Vegagerðar, um að áformaðar vinnubúðir Vegagerðarinnar við Rauðsstaði, séu á svæði þar sem sviðvindar eru og veðurfar sé varasamt. Vegagerð fyrirhugar færslu vinnubúða úr landi Borgar við Rauðsstaði að Mjólka. Með breytingu á mörkum svæðis er hægt að gera ráð fyrir deiliskipulagi fyrir vinnubúðir Vegagerðarinnar sunnan við Mjólka. Á svæðinu voru gamlar vinnubúðir Mjólkárviðkjunar frá 1971 til 1996 og ráðgert er að nýta það rými vegna færslu á vinnubúðum Vegagerðar.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Mjólkárviðkjun, frá Orkubúi Vestfjarða ohf. Tillagan er unnin af Verkfræðistofu Verkís, greinargerð dags. 31.03.2017 ásamt uppdrætti dags. 31. mars 2017. Samhliða breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru gerðar breytingar á deiliskipulagi fyrir Mjólkárviðkjun, meðfylgjandi eru greinargerð deiliskipulags fyrir Mjólka dags. 31.03.2017 og fjórir uppdrættir dags 24.04.2017. Lýsing á aðal og deiliskipulagsbreytingum fyrir Mjólkárviðkjun var auglýst frá og með 25. nóvember 2016 til og með 12. desember 2016 þar sem gefinn var kostur á að koma með ábendingar varðandi aðal- og deiliskipulagsbreytinguna, jafnframt var lýsingin send umsagnaraðilum. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Bolungarvíkurkaupstað, tekið hefur verið tillit til umsagna í tillögum. Skipulagstillagan var jafnframt kynnt á vinnslustigi í samræmi við 4. mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki bárust athugasemdir eða ábendingar á vinnslustigi.

Niðurstaða

Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að breytingar sem lagðar eru fram séu það óverulegar að ekki þurfi að kynna gögn að nýju skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Nefndin telur jafnframt að með færslu vinnubúða úr landi Rauðsstaða, verði rask minna þar sem fyrirhuguð færsla vinnubúða er að Mjólka, þar sem svæðið er þegar raskað.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að tillaga að aðalskipulagsbreytingu við Mjólka verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga 123/2010 og tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Mjólka verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010